

GAMMA

Reglur um viðskipti starfsmanna við GAMMA Capital Management hf.

1. Inngangur

Reglur þessar fjalla um viðskipti starfsmanna við GAMMA Capital Management hf. („GAMMA“) og eru settar á grundvelli 29. gr. a. og 57. gr. laga nr. 161/2002 um fjármálafyrirtæki og reglna Fjármálaeftirlits Seðlabanka Íslands („FME“) nr. 247/2017. Reglurnar skulu birtar opinberlega á vefsíðu GAMMA.

2. Viðskipti starfsmanna með hlutdeildarskírteini

Starfsmönnum er heimilt að fjárfesta í hlutdeildarskírteinum sjóða eða sjóðsdeilda GAMMA en um þau viðskipti gilda sérstakar reglur GAMMA um eigin viðskipti starfsmanna, sem fela meðal annars í sér að starfsmönnum er óheimilt að eiga slík viðskipti án fyrirfram skriflegrar heimildar regluvarðar nema ákveðnar undanþágur gildi þar um samkvæmt reglum GAMMA um eigin viðskipti starfsmanna. Þá er starfsmönnum óheimilt að eiga slík viðskipti ef þau myndu leiða til hagsmunaárekstra á milli starfsmanns annars vegar og viðskiptamanns GAMMA eða sjóða eða sjóðsdeilda GAMMA hins vegar. Sala slíkra hlutdeildarskírteina er jafnframt háð heimild regluvarðar, en þó gildir lágmarkseignarhaldstími ekki um slíkar fjárfestingar ef um er að ræða hlutdeildarskírteini í verðbréfasjóðum eða fjárfestingarsjóðum. Starfsmenn sem hyggjast fara í reglulega áskrift að verðbréfa- eða fjárfestingarsjóðum GAMMA skulu tilkynna regluverði áður en slíkur samningur er gerður og áður en honum er sagt upp. Að öðru leyti er vísað nánar til reglna um eigin viðskipti starfsmanna.

3. Viðskipti starfsmanna við eignastýringu

Starfsmönnum GAMMA er heimilt að gera samning við eignastýringu félagsins um stýringu eigna. Reglur um eigin viðskipti starfsmanna gilda ekki um fjármálagerninga sem starfsmenn eru með í eignastýringu hjá fjármálafyrirtæki, þar á meðal GAMMA, sbr. nánari ákvæði í þeim reglum.

4. Viðskiptakjör

Viðskipti starfsmanna skulu, eftir því sem kostur er, lúta sömu reglum og gilda um viðskipti annarra viðskiptamanna félagsins í sambærilegum viðskiptum. Framkvæmdastjóra er heimilt að veita starfsmönnum starfsmannakjör sem eru sambærileg og bestu kjör viðskiptamanna félagsins. Skulu starfsmannakjör almennt vera sambærileg fyrir alla starfsmenn félagsins

Starfsmanni félagsins er óheimilt að framkvæma eða koma að hvers konar afgreiðslu fyrir eigin hönd, fyrir hönd náinna fjölskyldumeðlima eða aðila í nánnum tengslum við sig.

5. Viðskipti framkvæmdarstjóra og lykilstarfsmanna við félagið

Allir samningar félagsins um lán, ábyrgðir, kauprétt eða sambærileg viðskipti við framkvæmdastjóra, nána fjölskyldumeðlimi hans og aðila í nánnum tengslum við framkvæmdastjóra eru háðir samþykki stjórnar félagsins.

Bóka skal ákvörðun um slíkt í fundargerð stjórnar og tilkynna skal um ákvörðun til FME. Sama gildir um alla sem eru í nánnum tengslum við framkvæmdastjóra.

Framkvæmdastjóri, lykilstarfsmenn, nánir fjölskyldumeðlimir þessara aðila og aðilar í nánnum tengslum við þá skulu ekki njóta sérstakra kjara umfram það sem öðrum viðskiptamönnum býðst í sambærilegum viðskiptum, sbr. gr. 4.

GAMMA

Samtala heildarfyrirgreiðslna til framkvæmdastjóra, lykilstarfsmanna, náninna fjölskyldumeðlima þessara aðila og aðila í nánnum tengslum við þá má hæst vera 200 millj. kr., að teknu tilliti til 30. gr. laga nr. 161/2002 um fjármálafyrirtæki um takmarkanir á stórum áhættuskuldbindingum.

Fyrirgreiðsla til framkvæmdastjóra, lykilstarfsmanna, náninna fjölskyldumeðlima þessara aðila og aðila í nánnum tengslum við þá skal eingöngu veitt gegn traustum tryggingum í samræmi við reglur FME nr. 247/2017 eða útlánareglur félagsins ef þær gera ríkari kröfur.

Með nánnum fjölskyldumeðlimum er átt við maka framkvæmdastjóra/lykilstarfsmanns eða sambúðarmaka, börn þessara aðila, börn maka eða sambúðarmaka og aðila sem eru fjárhagslega háðir þessum aðilum eða telja má að þeir verði fyrir áhrifum af ákvörðun þeirra.

Um það hverjir teljast vera í nánnum tengslum við framkvæmdastjóra/lykilstarfsmann vísast til skilgreiningar nánnum tengslum í reglum FME nr. 247/2017.

Reglur þessar koma í stað reglna um sama efni sem samþykktar voru 29. janúar 2019.

Samþykkt af stjórn GAMMA Capital Management hf.

Reykjavík, 20. janúar 2021